

Áfangalýsing

Titill	Skeggklipping og rakstur 1
Námsgrein	Skeggklipping og rakstur
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HRAK2HG02
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	2
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HRAK2HG02
Lýsing	Nemandinn fær þjálfun í skeggsnyrtingu og rakstri. Hann lærir að klippa skegg með skærum og klippivélum, raka útlínur kringum skegg, nota viðeigandi vörur og gera verklýsingar. Áhersla er lögð á þekkingu á öryggi, hreinlæti, sótthreinsun og smitvörnum við notkun hnífs við rakstur. Nemandi lærir að beita heitum og köldum bökstrum við rakstur og þekkja hvaða skeggform hæfir hverju andlitsfalli.
Forkröfur	HSNY2HG06
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mismunandi tískulínum fyrir skegg og útfærslur á þeim. • mismunandi skeggformum og rakstursbrautum. • mismunandi mótunarefnum í skegg. • hinum ýmsu vörum sem notaðar eru við rakstur. • smitvörnum og öryggi við rakstur.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum við skeggsnyrtingu. • ráðleggja um form og lengd á skeggi með hliðsjón af líffræðilegum þáttum. • beita fjölbreyttum aðferðum og tækni við skeggklippingu og rakstur. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • klippa skegg í mismunandi form og raka í kringum það með rakhníf. • gera verklýsingar og vinna eftir þeim. • beita heitum og köldum bökstrum við rakstur.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	